

## Vinnuskólinn 2020

Við í Vinnuskóla Árborgar bjóðum þig velkomin(n) til starfa í sumar. Vinnuskólinn verður starfræktur með svipuðu sniði og undanfarin ár og verður unnið við ýmiskonar umhverfis- og viðhaldsverkefni. Vinnuskólinn hefur lengi verið stór vinnustaður og fer stækkandi með ári hverju. Þetta árið var met aðsókn og hefja rúmlega 300 unglingar störf. Verkstjórar, flokkstjórar og aðstoðarflokkstjórar eru um 50 talsins.

Starfssvæði Vinnuskólans nær yfir Selfoss, Stokkseyri og Eyrarbakka. Svæðunum er skipt niður og hver hópur fær sitt svæði til þess að sjá um.

Mikil áhersla er lögð á traust umhverfi, leiðsögn og fræðslu ásamt því að hafa gaman.

Covid19 hefur sett sitt mark á þjóðfélagið allt síðustu mánuði og er vinnuskólinn engin undantekning. Almannaþingir hafa gefið út leiðbeiningar fyrir vinnuskóla sem farið verður eftir. Setning vinnuskólans sem jafnan fer fram nokkrum dögum fyrir fyrsta vinnudag fellur niður vegna fjöldatakmárkanna. **Í staðin verður skrifstofa vinnuskólans opin föstudaginn 5. Júní milli klukkan 13:30-15:30.** Þar gefst foreldrum og unglungum kostur á að mæta og tala við vinnuskólastjóra og fleiri starfsmenn. Einnig verður síminn opin þennan sama tíma. Við hvetjum ykkur til þess að hafa samband á þessum tíma ef einhverjar spurningar eru.

### Markmið vinnuskólans:

- Fegra og snyrta bæinn okkar.
- Gefa unglungum kost á vinnu, þjálfun og fræðslu í sumarleyfi sínu.
- Kenna unglungum fagleg vinnubrögð og meðferð verkfæra.
- Unglingarnir læri virðingu, stundvísi og aga á vinnustað.
- Unglingar læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og bænum sínum.
- Viðhalda jákvæðri ímynd um vinnuskólann og gera hana enn jákvæðari.

### Skrifstofan

Skrifstofa Vinnuskólans er stödd í félagsmiðstöðinni Zelsíuz að Austurvegi 2A. Þar starfa Dagbjört Harðardóttir vinnuskólastjóri, Guðmunda Bergsdóttir móttökuritari og Alexander umsjónamaður stuðningsúrræða.

Símanúmerin á skrifstofunni eru:

- 480 1952

- 480 1951

- [vinnuskolinn@arborg.is](mailto:vinnuskolinn@arborg.is)

Veikindi skal tilkynna í síma 480 1952 fyrir klukkan 09:00 á morgnana.

### Fyrsti vinnudagurinn – ALLIR mæta í Félagsmiðstöðina Zelsíuz, Austurvegi 2A (niðri)

- Árgangur 2006 mætir kl: 08:30
- Árgangur 2005 mætir kl: 09:00
- Árgangur 2004 mætir kl: 09:30
- Eyrarbakki, kl. 08:30 fyrir utan Grunnskólann á Eyrarbakka
- Stokkseyri, kl. 08:30 fyrir utan Grunnskólann á Stokkseyri

### Mikilvægt er að mæta klædd eftir veðri!

#### Vinnutími er eftirfarandi:

- 14 ára '06 frá 08.06.20 til 16.07.20. – 3,5 tímar á dag 4 daga vikunnar = 80,5 klst. (15 mín kaffitími kl: 10:00)
- 15 ára '05 frá 08.06.20 til 16.07.20. – 6,5 tímar á dag 4 daga vikunnar = 149,5 klst. (15. Mín kaffitími kl: 10:00 – Hádegismatur kl: 12:00-13:00 – kaffitími kl: 14:45)
- 16 ára '04 frá 08.06.20 til 17.07.20– 6,5 tímar á dag 4 daga vikunnar og 3,5 tímar á föstudögum = 167 klst. (15. Mín kaffitími kl: 10:00 – Hádegismatur kl: 12:00-13:00 – kaffitími kl: 14:45)

#### Laun eru eftirfarandi:

- 14 ára '06: 686 kr. á tímann. Geta unnið sér inn ca. 55.000 kr. yfir sumarið.
  - 15 ára '05: 819 kr. á tímann. Geta unnið sér inn ca. 122.000 kr. yfir sumarið.
  - 16 ára '04: 1.029 kr. á tímann. Geta unnið sér inn ca. 171.000 kr. yfir sumarið.
- Laun eru greidd út tvisvar sinnum yfir tímanbilið. Í byrjun júlí og byrjun ágúst.

#### Starfsreglur Vinnuskólans:

- Vinnuskólinn er tóbakslaus vinnustaður. Það gildir á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matar- og kaffitímum
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og stunda hana samviskusamlega
- Fara vel með eignir Vinnuskólans og bera virðingu fyrir eignum annarra
- Ef um veikindi er að ræða skal forráðamaður tilkynna þau fyrir kl. 9:00 á morgnanna á skrifstofu skólans í síma 480-1951 eða 480-1952
- Notkun farsíma við vinnu er ekki heimil. Símar skulu vera stilltir á hljóðlaust og ekki notaðar sem samskiptatæki á vinnutíma Vinnuskólans. Engin ábyrgð er tekin á slíkum tækjum á vinnutíma.
- Engin ábyrgð er tekin á persónulegum hlutum sem komið er með til vinnu og eru ekki nauðsynlegir til starfsins.
- Beiðni um leyfi eða frí afgreiðir Vinnuskólastjóri/verkstjóri á skrifstofu skólans
- Starfsfólk leggur sér sjálft til allan fatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum

- Öllum er ráðlagt að merkja fatnað og vinnuvettlinga, skó og stígvél. Vinnuskólinn skaffar ekki vettlinga en við mælum með því að keypt séu tvö pör í byrjun sumars sem duga á yfir sumarið
- Allir tilburðir til eineltis verða tilkynntir til skrifstofu Vinnuskólans um leið og þeir gerast. Við þá tilkynningu fer af stað verkferill vegna eineltismála.
- Unglingarnir eru á tímakaupi, ef þau sinna ekki vinnu sinni þrátt fyrir að vera á staðnum áskilur Vinnuskólinn sér rétt til að greiða ekki fyrir óunna vinnu.

### **Brot á starfsreglum Vinnuskólans getur þýtt brottvísun, að undangenginni áminningu.**

- Brjóti nemandi vísvitandi reglur vinnuskólans getur flokkstjóri áminnt nemandann og í samráði við verkstjóra vísað nemanda úr vinnu tímabundið, en endanleg brottvikning er í höndum vinnuskólastjóra í samráði við verkstjóra og flokkstjóra.
  - 1. Brottrekstur – haft samband við foreldra símleiðis.
  - 2. Brottrekstur - fundur með forráðamönnum.
  - 3. Brottrekstur rekin(n) út sumarið – samskipti við forráðamenn.
  - Ef um alvarlegri brot er að ræða getur nemandi verið vísað úr vinnuskólanum á staðnum. Haft er samband við foreldra ef nemandi er vísað úr vinnu tímabundið eða endanlega.
  - Ef eineltismál koma upp í vinnuskólanum verður farið eftir ákveðnum verkferlum sem að vinnuskólinn hefur útbúið sér. Slík mál eru ávallt unnin í samráði við foreldra viðkomandi.
- Ef foreldrar eða forráðamenn eru ósáttir við störf eða aðgerðir tengdar Vinnuskólanum þá skal hafa samskipti beint við skrifstofu Vinnuskólans. Ekki undir neinum kringumstæðum skal hafa samband við flokkstjóra til að koma á framfæri gagnrýni eða kvörtunum.
- Í Vinnuskólanum er ekki bara unnið. Við höldum einnig fræðslur og lokahátíð þar sem boðið er upp á grill, leiki, þrautir og margt skemmtilegt.
- Líkt og seinasta ár mun Vinnuskólann safna í gagnabanka meðmælum fyrir alla starfsmenn Vinnuskólans. Nemendur Vinnuskóla geta þannig sett Vinnuskólann á ferilskrá og þegar sótt er um vinnu má benda á umsjónarmenn Vinnuskólans sem meðmælendur. Þeir sem standa sig vel fá auðvitað glimrandi meðmæli en þeir sem sýna litla virkni, metnað eða neikvætt viðhorf geta ekki búist við því að meðmælin verði jákvæð.